



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð 61. Fjórðungspings Vestfirðinga

Ísafirði 4. maí 2016

### **Pinggerð 61. Fjórðungspings Vestfirðinga**

Miðvikudaginn 4. maí 2016, var 61. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

#### **Pingsetning**

Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 13:45 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Gerði hún að tillögu að þingforseti yrði Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ og varaþingforseti Guðrún Stella Gissuraradóttir bæjarfulltrúi í Bolungarvík. Þingritarar yrðu Díana Jóhannsdóttir og Jón Jónsson starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillagan samþykkt.

Friðbjörg minntist nú Jónasar Ólafssonar fyrrverandi formanns Fjórðungssambands á árunum 1984-1988 en hann tók virkan þátt í starfi Fjórðungssambandsins hátt í 20 ár sem fulltrúi Þingeyrarhrepps. Friðbjörg bað þingfulltrúa að rísa úr sætum til að heiðra hans minningu með stuttri þögn.

#### **1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á**

Friðbjörg Matthíasdóttur formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór formaður yfir störf stjórnar á árinu, en mörg veigamikil verkefni hafa verið á borði Fjórðungssambandsins.

Í framhaldi af 60. Fjórðungspingi í október 2015, tók við vinna við að koma á framfæri ályktunum. Náðist sá árangur að veitt var fjármagni í gerð kerfisáætlunar fyrir Vestfirði og lokaáfangna hringtengingar ljósleiðara um Djúp.

Alls voru haldnir sex stjórnarfundir á árinu, að jafnaði einu sinni í mánuði. Gerð var könnun varðandi framkvæmd síðasta fjórðungspings og töldu 85% að þingið hefði tekist mjög vel eða frekar vel, en einnig bárust ábendingar varðandi skipulag. Meirihluti taldi að vorþing ætti að vera í byrjun maí, og haustþing í byrjun september.

Landshlutasamtök sveitarfélaga sendu frá sér sameiginlega ályktun í nokkrum málaflokkum síðasta haust og þótti heppnast vel. Í desember kom út skýrsla Byggðastofnunar um hagvöxt í landshlutum og kemur þar fram að staða Vestfjarða er erfið og landshlutinn stendur höllum fæti. Í framhaldi af því var leitað til ráðuneyta og þingmanna og óskað eftir samskonar nefndarvinnu og tillögugerð og unnin var fyrir Norðurland vestra á síðasta ári.

Í byrjun janúar tóku nýjar samþykktir FV gildi og þá var haldinn í fyrsta sinn samráðsfundur með framkvæmdastjórum eða oddvitum sveitarfélaga. Tveir slíkir fundir hafa farið fram og þetta samráð bætir lýðræði í störfum sambandsins. Sóknaráætlun landshlutans tekur töluverðan tíma og mikill þungi í þeirri vinnu. Ekki náðist að ljúka stefnumótun Fjórðungssambandsins í vetur eins og ályktað var á síðasta þingi, en sú vinna heldur áfram.

## 61. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. maí 2016 á Ísafirði

Þinggerð

Friðbjörg gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn FV. Hún sagði að hennar síðasta embættisverk hafi verið fundur vegna samgönguáætlunar með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og það væri til marks um breytt vinnubrögð að þau Aðalsteinn sátu tveggja klukkustundar á fund með nefndinni auk fulltrúa frá landshlutasamtökum (Eyþings og SSA), í stað hefðbundins korters áður.

Friðbjörg hvatti þingfulltrúa til að samþykkja fyrirbyggjandi tillögu um breytingu á launakjörum stjórnar og nefnda. Hún þakkaði samstarfsfólki í stjórn og starfsmönnum FV gott samstarf og sérstaklega Aðalsteini framkvæmdastjóra.

Vísast hér nánar til þingskjals 3: skýrslu stjórnar.

Arna Lára Jónsdóttir þingforseti tók nú við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna og fór stuttlega yfir dagskrá þingsins. Þá bar þingforseti upp tillögu stjórnar FV að eftirfarandi nefndum:

### **Kjörnefnd**

Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð, formaður  
Anna Lind Ragnarsdóttir, Súðavíkurhreppi,  
Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhreppi  
Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað  
Kristján Andri Guðjónsson, Ísafjarðarbæ

### **Kjörbréfanefnd**

Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað, formaður  
Sandra Rún Björnsdóttir, Reykhólahreppi,  
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafjarðarhreppi

### **Fjármálanefnd**

Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhreppi, formaður  
Einar Guðmundsson, Bolungarvíkurkaupstaður  
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi

Tillögur þingforseta voru samþykktar með lófataki og tóku nefndirnar þegar til starfa.

Þingforseti opnaði nú fyrir umræðu um skýrslu stjórnar, en enginn kvaddi sér hljóðs. Var skýrslan því borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf næst Sigurði Hreinssyni orðið til að kynna skýrslu fastanefndar Fjórðungssambandsins um samgöngumál og fjarskipti. Sigurður flutti skýrslu nefndarinnar. Í máli hans kom fram að nefndin hafði fundað fjórum sinnum frá fjórðungspingi sl. haust, allt símafundur. Nefndin hefði sent frá sér umsögn um samgönguáætlun 2015-2018 sem lögð var fram á Alþingi í apríl byrjun, þar sem brýnustu verkefni til ársloka 2018 voru talin Vestfjarðavegur um Gufudalssveit, Dýrafjarðargöng, Dynjandisheiði, Bjarnarfjarðarháls, Veiðileysuháls og átak við fækkun einbreiðra brúa í fjórðungnum. Einnig aukið fjármagn til vetrarþjónustu, aukin þjónusta Baldurs, fjármagn til rannsókna við Álftafjarðargöng, úrbætur

á göngum undir Breiðadals- og Botnsheiði, framkvæmdir við áætlunarflugvelli, ferðamannavegi, tengivegi og hafnir.

Þá ræddi Sigurður almenningsamgöngur í lofti og á landi, starfshóp um vegstæði yfir Dynjandisheiði og hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði. Vonbrigði væru með tengingu ljósleiðara í dreifbýli. Þá nefndi Sigurður kort sem nefndin hefði látið vinna sem sýnir stöðu mála í samgöngum og fjarskiptakerfi Vestfjarða.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrsluna. **Friðbjörg Matthíasdóttir** ræddi um Vestfjarðaveg 60 í samhengi við stjórnarsetu sína hjá FV og sagði að framkvæmdir hefðu gengið alltof hægt og of lítið breyst frá því fyrir sex árum þegar hún kom fyrst á Fjórðungsping. Auðvitað væri svo um allt land að of litlum fjármunum væri varið í vegakerfið, viðhaldi áfátt og nýframkvæmdir gengju of hægt. Það væri þó of áberandi að Vestfirðingar sætu eftir, bæði í nýframkvæmdum, öryggismálum og viðhaldi. Þakkaði hún nefndinni fyrir gott samstarf. **Sigurður Hreinsson** tók aftur til máls og sagði mikilvægt að góður samhljómur væri meðal sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum um stefnu í samgöngumálum og ástæða væri til bjartsýni.

Þingforseti bar þá skýrslu nefndarinnar upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

Vísast hér nánar til þingskjals 4. Skýrslu fastanefndar um samgöngumál og fjarskipti sem er aðgengileg á vef Fjórðungssambandsins: [www.vestfirdir.is](http://www.vestfirdir.is).

## 2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni orðið sem notaði tækifærið til að þakka Friðbjörgu Matthíasdóttur samstarfið í stjórn FV síðastliðin sex ár.

Aðalsteinn sagði endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 og áætlun fyrir 2017 bera með sér að nú sé lokið ákveðnu vaxtarskeiði í starfsemi FV eftir sameiningu menningarmála og markaðsmála 2013 og samning um Sóknaráætlun Vestfjarða 2015. Á næstu árum verði meira jafnvægi. Hann sagði að skipulagsbreytingar síðustu ára og nýjar samþykktir FV vera góðan grunn og samráð við atvinnulíf og íbúa við stefnumótun og formfesta hafi farið vaxandi.

Aðalsteinn fór yfir ársreikning fyrir árið 2015 sem var staðfestur á stjórnarfundi 19. apríl sl. og sendur sveitarfélögum samdægurs, auk þess að liggja fyrir fundinum. Hann kynnti skýrslu endurskoðanda sem setur fyrirvara á áritun varðandi lífeyrisskuldbindingar sem séu gjaldfærðar við greiðslu. Heildartekjur sambandsins námu rúmum 242,8 millj. en rekstrargjöld 240,7 millj., þar af eru laun og launatengd gjöld 48,1 millj. Rekstrarafkoma er jákvæð um tæpa 2,1 millj., en að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda er hún jákvæð um tæpar 3,7 millj. Heildareign sé samkvæmt efnahagsreikningi rúmum 120,4 millj. í árslok 2015, en skuldir og skuldbindingar rúmum 88,7 millj. Eigið fé tæpar 31,7 millj.

Þingforseti opnaði fyrir umræðu um ársreikning og óskaði eftir áliti fjárhagsnefndar. Indriði Indriðason formaður fjárhagsnefndar tók til máls og sagði að fjárhagsnefnd hefði komið

saman og fjallað um ársreikninginn og fjárhagsáætlanir og sæi ekkert athugavert við þær. Nefndin legði til að ársreikningurinn væri samþykktur óbreyttur.

Þingforseti bar þá ársreikning 2015 upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

Vísast til þingskjals 5 – Ársreikningur 2015 sem aðgengilegur er á vef FV.

### 3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni orðið og kynnti hann endurskoðaða fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2016 sem er lögð fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun fyrir 2017 er lögð fram til kynningar, en hana á að samþykkja á haustþingi. Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun fyrir 2016, en við gerð hennar var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2015 og stöðu bókhalds í lok mars 2016. Launahækkanir eru umtalsverðar á milli ára vegna afturvirka hækkana, kjarasamninga og starfsaldurshækkana, auk tillögu um hækkun launa stjórna og nefnda.

Orðið gefið laust um fjárhagsáætlun starfsársins 2016, enginn tók til máls. Áætlunin samþykkt samhljóða.

Vísast hér til þingskjals 6 – endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins 2016.

#### Ákvörðun um árstíllag fyrir 2016

Aðalsteinn Óskarsson kynnti tillögu stjórnar um að árstíllag til almennrar deildar FV hækki úr 8,5 millj. í 10,2 millj. Önnur tillög vegna markaðssviðs, menningarsviðs og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða verði óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust, en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan um árstíllag var þá borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.

Vísast hér til þingskjals 7 – tillaga um árstíllag.

Nú var gert stutt hlé á fundinum á meðan hinkrað var eftir niðurstöðu af starfi kjörbréfanefndar.

Þegar fundur hófst að nýju óskaði þingforseti eftir að Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttur formaður kjörbréfanefndar kynnti niðurstöðu nefndarinnar. Í álitum kjörbréfanefndar sem Guðbjörg Stefanía hafði framsögu um kom fram að atkvæðafjöldi samtals á þinginu væri 9020 atkvæði. Öll atkvæði Árneshrepps sem væru 165 féllu niður, þar sem enginn fulltrúi var mættur frá sveitarfélaginu, og 214 atkvæði féllu niður hjá Tálknafjarðarhreppi þar sem ekki lægi fyrir umboð frá tveimur sveitarstjórnarmönnum sem væru fjarverandi. Önnur sveitarfélög fullnýta sín atkvæði.

### 4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns

Þingforseti gaf þá Jóni Gísla Jónssyni formanni kjörnefndar orðið. Hann þakkaði nefndarmönnum fyrir ágætt samstarf og kynnti síðan svohljóðandi tillögu kjörnefndar:

#### Aðalmenn í stjórn FV:

Ingibjörg Emilsdóttir, Strandabyggð  
Sigurður Hreinsson, Ísafjarðarbæ  
Pétur Markan, Súðavíkurhreppi  
Ása Dóra Finnbogadóttir, Vesturbyggð  
Margrét Jómundsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað

Þingforseti auglýsti eftir fleiri framboðum, en þau komu ekki fram og var niðurstaða kjörnefndar samþykkt samhljóða.

#### Formaður:

Pétur Markan, Súðavíkurhreppi

Var niðurstaða kjörnefndar samþykkt samhljóða.

#### Varamenn í stjórn FV:

Áslaug Guttormsdóttir, Reykhólahreppi  
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Daníel Jakobsson, Ísafjarðarbæ  
Jón Örn Pálsson, Tálknafjarðarhreppi  
Jónas Þór Birgisson, Ísafjarðarbæ

Var niðurstaða kjörnefndar samþykkt samhljóða.

### 5. Kosning í fastanefndir

Jón Gísli Jónsson formaður kjörnefndar kynnti tillögu nefndarinnar um kosningu í fastanefndir:

#### Fastanefnd um samgöngumál og fjarskipti:

##### Aðalmenn:

Sigurður Hreinsson, formaður, Ísafjarðarbæ  
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi  
Ingibjörg Benediksdóttir, Strandabyggð  
Ásgeir Jónsson, Vesturbyggð

*Varamenn:*

Pétur Markan, Súðavíkurhreppi  
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Vilberg Þránínsson, Reykhólahreppi  
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi  
Magnús Jónsson, Vesturbyggð

Var tillaga kjörnefndar samþykkt með lófataki.

### Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða

*Aðalmenn:*

Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi  
Eva Dögg Jóhannesdóttir, Tálknafjarðarhreppi  
Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Viðar Guðmundsson, Strandabyggð  
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð  
Ásgerður Þorleifsdóttir, Ísafjarðarbæ  
Anna Vilborg Rúnarsdóttir, Vesturbyggð  
Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Finnbogi Sveinbjörnsson, Ísafjarðarbæ

*Varamenn:*

Kolfinna Ýr Ingólfisdóttir, Reykhólahreppi  
Ása Dóra Finnbogadóttir, Vesturbyggð  
Martha Kristín Pálmadóttir, Ísafjarðarbæ  
Ásta Þórisdóttir, Strandabyggð  
Matthías Ágústsson, Vesturbyggð  
Örn Elías Guðmundsson, Súðavíkurhreppi  
Þórir Sveinsson, Vesturbyggð  
Helgi Hjálmtýrsson, Bolungarvíkurkaupstað  
Smári Karlsson, Ísafjarðarbæ

Ábending kom fram að um að þar sem Ása Dóra Finnbogadóttir hefði rétt áður verið kjörin í stjórn FV væri hún vanhæf í úthlutunarnefnd, þar sem stjórn FV hefði það hlutverk að staðfesta niðurstöðu nefndarinnar. Friðbjörg Matthíasdóttir gaf kost á sér sem varamaður í nefndina í stað Ásu Dóru og var nefndin kjörin samhljóða með þeirri breytingu.

### 6. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni orðið og lagði hann fram svohljóðandi tillögu:

#### Tillaga stjórnar um laun stjórnar og nefnda FV fyrir starfsárið 2016-2017

- Laun stjórnar er föst mánaðarleg greiðsla en greitt er fyrir hvern fund í nefnd eða starfshópi og miðast við hlutfall af þingfarakaupi hverju sinni, sem hér segir.
  - Laun formanns FV verði 16% eða kr. 113.925 á mánuði
  - Laun stjórnarmanns FV verði 8% eða kr. 56.926,- á mánuði
  - Greitt skal 2% eða kr. 14.241,- af þingfarakaupi á ferðadag fyrir stjórnarmann ef farið er í ferð sem ekki fellur að ráðgerðum fundum innan ársins
  - Laun formanna fastanefnda og starfshópa verði 8% eða kr. 56.926,- fyrir hvern setinn fund
  - Laun nefndarmanna fastanefnda og starfshópa verði 4% eða kr. 28.481,- fyrir hvern setinn fund
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnar eða nefndarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispeningi fyrir hvern ferðadag. Gisting skal að jafnaði greidd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Þingforseti gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Var þá tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Sjá nánar þingskjal 8: Tillaga um laun og þóknun til stjórnar og nefnda

### 7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis

Þingforseti gaf þá Jóni Gísla Jónssyni formanni kjörnefndar orðið og lagði hann fram þá tillögu nefndarinnar að Endurskoðun Vestfjarða ehf yrði kjörið endurskoðendafyrirtæki Fjórðungssambandsins.

Enginn kvaddi sér hljóðs og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

### 8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis

Þá var tekin fyrir að ákveða umfjöllunarefni haustþings FV og dagsetningu. Aðalsteinn Óskarsson kynnti tillögu stjórnar um dagssetningu og staðsetningu málþings að hausti föstudaginn 2. september 2016 á Hótel Laugarhóli í Bjarnarfirði á Ströndum. Aðalsteinn kynnti að nokkrar hugmyndir hefðu komið upp í umræðu um umfjöllunarefni haustþingsins, þar á meðal eftirfarandi tillögur frá samráðsvettvangi stjórnar og sveitarstjóra og oddvita sveitarfélaga:

- Kynning á stefnumörkun sveitarfélaga. Hvernig vilja sveitarfélögin fara með næstu skref í verkefninu? Sameiginlega svæðisáætlun og/eða svæðisskipulag þar á eftir.
- Samstarf sveitarfélaga, ekki endilega sameiningu, heldur hvernig sveitarfélög geti skipt með sér verkum og dregið úr kostnaði.
- Orkumál.



- Fenginn verði fyrirlesari til að ræða hvernig stefnumörkun nýtist samfélögum til að hrinda verkefnum í framkvæmd.
- Gerð sameiginlegrar heimasíðu fyrir öll sveitarfélögin ásamt sameiginlegu lógói.

Þingforsetið óskaði eftir fleiri tillögum um haustþingið og umfjöllunarefni þess, en þær komu ekki fram. **Ásthildur Sturludóttir** tók til máls og taldi að taka ætti orkumálin út fyrir sviga á haustþinginu og frekar gera eitthvað sérstaklega með þann málaflokk, svo sem halda málþing eða ráðstefnu. **Finnur Ólafsson** ræddi fjarskiptamál sem málaflokk sem þyrfti að taka fyrir með sambærilegum hætti og orkumálin.

Arna Lára Jónsdóttir þingforseti lagði til að stjórn yrði falið að útfæra umræðu og vettvang um þessa tvo málaflokka, en stefnumótun og framtíðarsýn yrði þema haustþingsins. Tillagan fékk góðan hljómgrunn og var samþykkt samhljóða.

### 9. Önnur mál löglega fram borin.

Þingforseti gaf orðið laust um önnur mál. Aðalsteinn Óskarsson kvaddi sér hljóðs og lagði fram tvær tillögur.

#### **Tillaga um frestun afgreiðslu stefnumörkunar Fjórðungssambandsins**

61. Fjórðungsping Vestfirðinga samþykkir að gerð tillögu að stefnumörkun Fjórðungssambandsins verði vísað til afgreiðslu á málþingi FV.

#### *Greinargerð*

Stefnumörkun fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga var hafin á 60. Fjórðungspingi Vestfirðinga og samþykkt á því þingi að henni yrði lokið á 61. Fjórðungspingi. Á málþingi Fjórðungssambandsins, sem haldið verður þann 2. september nk. að Laugarhóli í Bjarnarfirði, verður til umræðu greinargerð um sameiginlega stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Greinargerðin er lögð fram til kynningar á 61. Fjórðungspingi og hún síðan send út til umræðu í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum. Telja verður eðlilegt að stefnumörkun Fjórðungssambandsins taki mið af þeim stefnumálum sem sveitarfélögin hafa sameinast um.

Þingforseti opnaði fyrir mælendaskrá. **Friðbjörg Matthíasdóttir** tók til máls og fannst tillagan góð og studdi að haustþingið myndi snúast um stefnumótun. Mikilvægt væri að fá öflugra sérfræðinga að verkinu og vanda framsetningu til að stefnan verði markvisst og gott vinnuþlagg.

Tillagan var þá borin upp og samþykkt samhljóða. Var þá tekin fyrir síðari tillaga Aðalsteins:

#### **Tillaga um stefnumörkun vestfirskra sveitarfélaga.**

61. Fjórðungsping Vestfirðinga, samþykkir að drög að greinargerðinni *Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum – Fyrstu skref* verði send sveitarfélögum á Vestfjörðum til umsagnar.

### *Greinargerð*

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur staðið fyrir greiningu á því hvort grundvöllur sé fyrir sameiginlegri stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum, ekki síst í ljósi væntanlegra mikilla framfara í samgöngu- og fjarskiptamálum fram til ársins 2020. Verkefnanefnd sem skipuð er fulltrúum frá öllum Vestfjörðum samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl sl.: „Í ljósi fyrirbyggjandi gagna og greiningarvinnu, er [talið] að ákjósanlegt sé fyrir sveitarfélög á Vestfjörðum að fara í stefnumótunarvinnu með gerð *svæðisáætlunar*.“ Teknir verði fyrir eftirfarandi málaflokkar: **Innviðir, orkumál, fiskeldi, ferðaþjónusta, strandsvæði, sjálfbærni, náttúruvernd og fjölmennning.**

Tillaga þessa efnis ásamt greinargerð verði send sveitarfélögum á Vestfjörðum til umsagnar og lögð fram að nýju á málþingi FV sem haldið verður þann 2. september 2016 að Laugarhóli í Bjarnarfirði.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti gaf þá nýkjörnum formanni Fjórðungssambands Vestfirðinga, Pétri Markan, orðið. Pétur þakkaði fyrir það traust sem honum væri sýnt. Spannandi tímar væru framundan á Vestfjörðum, til að mynda varðandi samgöngumál, raforkumál og atvinnuuppbyggingu. Hér væri í raun um að ræða byltingu, en hún yrði samt ekki öðruvísi en að um stóru verkefni væri samstaða. Þar hafi Fjórðungssambandið mikilvægu hlutverki að gegna. Pétur sagði að stærsta verkefnið sem fyrir liggi sé stefnumótun, að móta sameiginlega stefnu sem í framhaldinu verði að svæðisáætlun. Þar þurfi að birtast sameiginleg sýn á orkumál, atvinnumál og samgöngumál í fjórðungnum.

Pétur minnti á máltækið: Sameinuð munum við standa, en sundruð munum við falla. Þetta máltæki væri kannski klisja, en um leið sígild sannindi. Vestfirðingar eigi að njóta forgangs varðandi uppbyggingu og framkvæmdir næstu árin, því fjórðungurinn hefði setið eftir. Eins ættu sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum að vera óhræddir við að standa með sértækum aðgerðum þar sem byggð stæði mjög höllum fæti og nefndi Árneshrepp og Kaldrananeshrepp sérstaklega í þessu samhengi. Það þyrfti að nota sömu hugmyndafræði inn á við, á svæðisvísu, eins og Vestfirðingar nota þegar þeir halda hlut Vestfjarða fram á landsvísu.

Pétur sagðist hlakka til samstarfsins með nýrri stjórn og starfsfólki Fjórðungssambandsins. Hann þakkaði fráfarandi formanni fyrir samstarfið og sagði að árangur hefði náðst og myndi nást fyrir tilstilli góðra verka fyrri stjórna.

Pétur sleit síðan þinginu. Þá var klukkan 15:20.

Þingforseti: Arna Lára Jónsdóttir.

Varaþingforseti: Guðrún Stella Gissurardóttir

Þingritarar: Jón Jónsson og Díanna Jóhannsdóttir

## Þingskjal 1

### DAGSKRÁ

Miðvikudagurinn 4. maí 2016 kl. 13:30

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns.
5. Kosning í fastanefndir.
6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá og tímasetningu ef þörf krefur. Fundi lýkur 15:30.

Vakin er athygli á að skýrslur starfshópa og stofnana munu liggja frammi á þinginu, einnig munu þær birtast á heimasíðu sambandsins eftir því sem þær berast.

## Þingskjal 2

### Atkvæðavægi sveitarfélaga á 61. Fjórðungspingi Vestfirðinga

Tekið saman samkvæmt 4. gr. samþykktu Fjórðungssambands Vestfirðinga um atkvæðavægi sveitarfélaga

#### Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2016

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkv.
Reykholahreppur	267	2,0	534	5,92%
Vesturbyggð	1013	1,0	1.013	11,23%
Tálknafjarðarhreppur	267	2,0	534	5,92%
Bolungarvíkurkaupstaður	904	1,5	1.356	15,03%
Ísafjarðarbær	3623	1,0	3.623	40,17%
Súðavíkurhreppur	184	3,0	552	6,12%
Árneshreppur	55	3,0	165	1,83%
Kaldrananeshreppur	103	3,0	309	3,43%
Strandabyggð	467	2,0	934	10,35%
<i>Samtals</i>	6.883		9.020	100,00%

## Pingskjal 3

### Skýrsla stjórnar – Friðbjörg Matthíasdóttir

Kæru þingfulltrúar.

Í upphafi vil ég biðja fundarmenn að minnast Jónasar Ólafssonar fyrrverandi formanns FV, með augnabliksþögn, en Jónas lést þann 27. apríl sl. Jónas tók virkan þátt í starfi FV sem fulltrúi Þingeyrarhrepps allt frá árinu 1976 fram að sameiningu sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum árið 1996. Hann tók við formennsku í stjórn á 29. fjórðungspingi árið 1984 og gegndi henni í 4 ár.

En þá að skýrslu stjórnar.

Að loknu 60. fjórðungspingi sem haldið var á Patreksfirði tóku við hefðbundin verkefni formanns og framkvæmdastjóra og fyrst á dagskrá var að koma á framfæri ályktunum þingsins við fjárlaganefnd á árlegum fundi með þeirri nefnd. Hafðist það í gegn að veitt var fjármagni í gerð kerfisáætlunar fyrir Vestfirði og lokaáfangi í hringtengingu ljósleiðara um Djúp, en afdrif annarra stærri mála okkar, sem áhersla hefur verið lögð á undanfarin misseri, svo sem samgöngumálin og lagasetning um strandsvæðaskipulag, eru að mestu leyti enn í vinnslu, skoðun eða undirbúningi.

Fyrsti fundur stjórnar eftir fjórðungsping var haldinn í október, en alls voru haldnir 6 stjórnarfundir á tímabilinu, að jafnaði einu sinni í mánuði.

Á fyrsta fundi stjórnar eftir fjórðungspingið var ákveðið að framkvæmdastjóri myndi gera könnun um framkvæmd 60. fjórðungspings, en niðurstöður þeirrar könnunar voru svo kynntar stjórn á næsta fundi á eftir. Niðurstöður voru að mestu leyti afgerandi, 85% svarenda töldu að Fjórðungsping hefði tekist mjög vel eða frekar vel. 85% svarenda töldu að málefnið sem fjallað var um hefðu verið skýr, en reyndar var það svo að þau 15% sem hér vantaði upp á voru ekki á þinginu og því varla marktækt, en þá er einfalt að túlka niðurstöðurnar þannig að almennt hafi verið ánægja með þingið.

Út úr könnuninni komu ábendingar um að skipulag hefði mátt vera betra og hefur að einhverju leyti verið brugðist við því, en um 77% töldu þó að skipulag hefði verið gott.

Einnig var spurt um tímasetningu á vor- og haustþingi. Afgerandi meirihluti taldi best að halda vorþing í byrjun maí, en aðeins skiptari skoðanir voru um hvenær ætti að halda haustþingið, en örlítið fleiri vildu þó að það yrði í byrjun september frekar en um miðjan september og við því hefur verið brugðist, enda haustþingið nú þegar verið bókað þann 2. september í Bjarnarfirði á Ströndum. Langflestir töldu æskilegt að halda sameiginlegan kvöldverð sveitarstjórnarmanna og gesta í tengslum við haustþingið, svokallað málefnaþing, og yrði það þá nokkurs konar árhátíð sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum.

Þrátt fyrir að flestir teldu það æskilegt að hafa sameiginlegan kvöldverð með skemmtun á haustþingi, þá var ákveðið að bjóða einnig upp á kvöldverð og samverustund í tengslum við þennan fundardag. Enda ágætt að enda daginn saman og nýta þennan vettvang til skrafs og ráðagerða.

Á haustdögum sendu landshlutasamtök sveitarfélaga frá sér sameiginlega ályktun um nokkra málaflokka sem voru í deiglu á þeim tíma, s.s. er varðaði skort á fjármagni í þjónustu við fatlað fólk, samning um sóknaráætlun og aukið fjármagn þar í, um samgöngumál og skort á fé í viðhald og þjónustu, óvissu í nýframkvæmdum, um almenningsamgöngur og ljósleiðaravæðingu landsins. En þess má geta að þeirri gjörð fylgdu auðvitað efasemdir um að einhverjir læsu yfir höfuð þessar ályktanir okkar. En það kom þó fljótlega á daginn að þetta var alveg örugglega að skila sér, a.m.k. til þeirra sem þóttust vera skildir útundan, því þegar við Aðalsteinn sóttum fund í heilbrigðisráðuneytinu í byrjun desember til að fylgja eftir ályktunum fjórðungspings, þá fengum við að heyra frá ráðherranum sjálfum að það væri ekki fallett að skilja útundan ef svo má segja. Honum hafði sem sagt ekki þótt það

vera gáfulegt hjá okkur að beina ekki spjótum okkar líka að skorti á fé í heilbrigðismálin. Þarna kom það bersýnilega fram að ályktanir sem þessar væru dregnar upp á borðið þegar ráðuneytin væru að karpa sín á milli um aukið fé. Það vilja greinilega allir fá liðsauka í að afla viðbótarfjármuna fyrir sína málaflokka!

Í desember síðastliðinn kom út skýrsla Byggðastofnunar um hagvöxt landshluta 2009-2013. En þar kom bersýnilega fram að fjórðungurinn stendur höllum fæti þegar kemur að mælingum á hagstærðum og fólksfækkun er viðvarandi yfir heildina tekið. Viðbrögð stjórnar við skýrslunni voru þau að kalla eftir sambærilegri vinnu og unnin var með Norðurlandi vestra – í Norðvesturnefndinni svokölluðu. Á síðustu vikum og mánuðum hefur málið verði unnið með þingmönnum kjördæmisins og kynnt fjármálaráðherra og þingmönnum stjórnarflokka. Til að fylgja eftir þeim viðræðum var svo ákveðið að setja í gang formlega beiðni til ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir. Þessari málaleitan hefur verið vel tekið og þess er vænst að tillagan komist í ákveðinn farveg innan ríkisstjórnarinnar og vonandi mun ekki líða á löngu þar til nefnd verður skipuð til að fara markvisst í þessi mál. Ljóst er þó að ekki verði staðið að þessu með sambærilegum hætti og í vinnu Norðvesturnefndarinnar, en lögð hefur verið áhersla á að farvegur sóknaráætlunar verði nýttur í þessu sambandi og að vinnan geti svo mögulega verið staðfærð ef upp koma sambærilegar aðstæður. Við gerum ekki athugasemdir við það svo lengi sem að verkefnið fari af stað sem allra fyrst. Framkvæmdastjóri hefur þegar unnið drög að tillögum sem vinna má úr og voru þær samþykktar á fyrsta fundi samráðsvettvangs framkvæmdastjóranna.

Í byrjun ársins var komið að því að fylgja eftir nýjum samþykktum Fjórðungssambandsins en þá var haldinn fyrsti samráðsfundur stjórnar með framkvæmdastjórum eða oddvitum sveitarfélaganna. Tveir slíkir fundir hafa nú verið haldnir og er það álit mitt að þetta sé til mikilla bóta fyrir samstarfið og verða menn án efa betur upplýstir um þau verkefni sem verið er að vinna að, auk þess sem stærri sameiginlegar ákvarðanir er varða hagsmunamál eru einfaldari í vinnslu.

Verkefnin sem unnið er að innan Fjórðungssambandsins eru mörg og fjölbreytt. Töluverður þungi er enn í vinnu við sóknaráætlun og samráðsvettvangur sóknaráætlunar var virkjaður enn á ný í byrjun árs. Það var svo að lokum fulltrúaráð þess vettvangs sem lagði blessun sína yfir þau 10 áhersluverkefni sem verða verkefni sóknaráætlunar á yfirstandandi ári og einhver þeirra eru reyndar til fleiri en eins árs.

Loks má geta þess til gamans að Aðalsteinn kynnti okkur samantekt Creditinfo á fjölmiðlaumfjöllun um Fjórðungssamband Vestfirðinga á árinu 2015 og samanburð við árið 2014. Fram kom í þeirri samantekt að Fjórðungssambandið er mest í umfjöllun fjölmiðla í samanburði við önnur landshlutasamtök.

Á vordögum skýrði ég stjórn og framkvæmdastjóra frá því að ég myndi ekki gefa kost á mér til áframhaldandi setu í stjórn Fjórðungssambandsins, enda hef ég nú verið í þeirri stjórn í nærri 6 ár og hefur sá tími hefur verið með mestu ágætum. Mér þykir þó komið gott að sinni og kveð því þennan vettvang. Formannstímabil mitt hefur reyndar verið óvenju stutt, því að einungis eru um 20 mánuði frá þinginu á Þingeyri þar sem ég tók við formennsku. En þannig verður þetta hér eftir, fyrri kjörtímabil til stjórnar Fjórðungssambandsins verður ávallt mun styttra en það síðara. Mitt síðasta verkefni var að fara ásamt Aðalsteini á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í liðinni viku til að ítreka enn og aftur þau mikilvægu málefni sem við teljum að þurfi að komast í farveg með samþykkt samgönguáætlunar, sem og auðvitað að leggja áherslu á það sem þyrfti að komast á dagskrá til viðbótar. Til marks um breytt vinnubrögð má geta þess að við fengum að þessu sinni að sitja í 2 klst. með nefndinni, ásamt tveimur öðrum landshlutasamtökum, í stað þeirra klassísku 15-20 mín. sem venjulega eru gefnar.

Breytingar sem fráfarandi stjórn hefur staðið fyrir, bæði í BsVest er varðar breytingu á stjórnarskipan og vægi aðildarsveitarfélaga, sem og breytingar á samþykktum FV, tel ég að séu til mikilla bóta. Farsæl breyting sem þarf auðvitað að fá tíma til að sanna sig. Eins eru samráðsfundir stjórnar með framkvæmdastjórum eða oddvitum sveitarfélaganna afar mikilvægt skref í átt að aukinni samvinnu og bættu lýðræði innan okkar vettvangs.

## 61. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 4. maí 2016 á Ísafirði

Þinggerð

Ekki náðist að vinna í stefnumótun Fjórðungssambandsins eins og ályktað var á síðasta fjórðungspingi, einfaldlega vegna anna við önnur verkefni, en Aðalsteinn mun koma betur að því síðar hér í dag í hvaða farveg sú vinna verður sett. Grunnstefið er þó komið á vel á veg eftir yfirlegu á samráðsfundi stjórnar með framkvæmdastjórum í byrjun árs.

Fyrir þessum fundi liggur tillaga frá stjórn um breytingu á launakjörum og ég hvet ykkur til að samþykkja þær tillögur ásamt auknu framlagi til Fjórðungssambandsins. Hvað varðar launabreytingar, þá er það afar mikilvægt að það sé reynt að koma til móts við þá aðila sem vilja gefa af tíma sínum í þessi mikilvægu verkefni og að það sé metið sem eðlilegt vinnuframlag.

Ég veit að ég hef ekkert náð að fara yfir allt, en ég vil bara þakka fyrir mig að lokum. Starfsfólki og samstarfsfólki í stjórn þakka ég gott samstarf.

### Þingskjal 4

Skýrsla fastanefndar FV um samgöngumál og fjarskipti, sjá samnefnt skjal á vef FV.

### Þingskjal 5

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2015, sjá samnefnt skjal á vef FV.

### Þingskjal 6

#### Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2016 og fjárhagsáætlun 2017

61. Fjórðungsping Vestfirðinga, haldið á Ísafirði 4. maí 2016.

	Áætlun 2017	Endursk áætl 2016	2016	Ársreikn 2015
<b>Framlög, styrkir og aðrar tekjur</b>	<b>248.243.000</b>	<b>275.675.000</b>	<b>267.830.000</b>	<b>242.804.619</b>
<b>Laun og launat.gjöld</b>	<b>61.240.000</b>	<b>61.740.000</b>	<b>52.852.000</b>	<b>48.088.634</b>
<b>Sérverkefni og skrifstkostn</b>	<b>186.919.000</b>	<b>210.864.000</b>	<b>203.414.000</b>	<b>192.617.892</b>
	<b>248.159.000</b>	<b>275.604.000</b>	<b>264.366.000</b>	<b>240.706.526</b>
<b>Ónotaðir styrkir</b>	<b>0</b>	<b>3.000.000</b>	<b>8.100.000</b>	
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	<b>84.000</b>	<b>71.000</b>	<b>3.464.000</b>	<b>2.098.093</b>
<b>Fjármunatekjur og gjöld</b>	<b>1.250.000</b>	<b>1.250.000</b>	<b>1.550.000</b>	<b>1.744.411</b>
<b>Afskriftir</b>	<b>175.000</b>	<b>175.000</b>	<b>175.000</b>	<b>175.442</b>
<b>Rekstrarafkoma</b>	<b>1.159.000</b>	<b>1.146.000</b>	<b>4.839.000</b>	<b>3.667.062</b>

### Greinargerð með endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2016

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var samþykkt á 60. Fjórðungsþingi. Við gerð endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2015 og stöðu bókhalds í lok mars 2016.

Kjarasamningsbundnar launahækkunarir nema að meðaltali á árinu um 6,2% og taka gildi þann 1. júní 2016. Auk þess sem laun hækkuðu afturvirkir frá 1. september 2015 um 7,7% samtals um 14%. Einnig kemur til starfsaldurshækkun starfsmanna og tillaga um hækkun launa stjórnar og nefndarlauna í heildina litið um 11%. Í heild eru laun og launatengd gjöld því að hækka frá árinu 2015 um 13,6 mkr eða um 25%.

Reiknað er með að þingfarakaup hækki í samræmi við kjarasamninga BHM eða um 14% en þingfarakaup er lagt til grundvallar launa stjórna og nefnda FV. Á fundi samráðsvettvangs sveitarfélaga þann 19. apríl sl. var gerð samþykkt um að leggja til við 61. Fjórðungsþing að hækka laun fyrir setu í stjórn og nefndum sambandsins. Gert er ráð fyrir að tillagan verði samþykkt og gildi frá maí á þessu ári.

Fimm áhersluverkefni sóknaráætlunar Vestfjarða eru með beinni aðkomu FV, samtals að fjárhæð kr. 13.800.000.- Þetta eru verkefni Visit Westfjords, Umhverfissvottaðir Vestfirðir, Vestfirðir altengdir, Aftur heim til Vestfjarða og Kortlagning menningar og skapandi greina. Verkefni verða að meginhluta unnin með aðkeyptri þjónustu.

Samanlögð framlög (tekjur) frá áætlun 2016 og endurskoðaðri áætlun 2016 hækka um tæpar 8 mkr en útgjöld til sérverkefna og skrifstofukostnaðar hækkar um tæpar 7,5 mkr. Tekjur hækka sem nemur 0,5 mkr.

Varðandi kostnaðarliði almennt þá er í áætluninni er gengið út frá því mati að verðbólguþróun á milli áranna 2015 og 2016 verði 4%. Í hluta rekstarliða hefur þó tekist að halda kostnaði lægri sem þessu nemur.

## Þingskjal nr. 7

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### Árstillag sveitarfélaga til FV fyrir árið 2016 verði endurskoðað, sem hér segir.

- Almenn deild.
  - o Árstillag hækki úr kr. 8.500.000,- í kr. 10.200.000,- . Hækkun komi á móts við hækkun launa samkvæmt kjarasamningum og tillögu stjórnar til þingsins um stjórnar og nefndarlaun.
- Markaðssvið.
  - o Árstillag verði óbreytt kr. 6.800.000,-.
- Menningarsvið.
  - o Árstillag verði óbreytt kr. 9.900.000,-.
- Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
  - o Árstillag verði óbreytt kr. 6.500.000,-.

## **Þingskjal nr. 8**

- Lagt fram af stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga

### **Tillaga um laun stjórnar og nefnda FV fyrir starfsárið 2016-2017**

- Laun stjórnar er föst mánaðarleg greiðsla en greitt er fyrir hvern fund í nefnd eða starfshópi og miðast við hlutfall af þingfara kaupi hverju sinni, sem hér segir.
  - Laun formanns FV verði 16% eða kr. 113.925 á mánuði
  - Laun stjórnarmanns FV verði 8% eða kr. 56.926,- á mánuði
  - Greitt skal 2% eða kr. 14.241,- af þingfara kaupi á ferðadag fyrir stjórnarmann ef farið er í ferð sem ekki fellur að ráðgerðum fundum innan ársins
  - Laun formanna fastanefnda og starfshópa verði 8% eða kr. 56.926,- fyrir hvern setinn fund
  - Laun nefndarmanna fastanefnda og starfshópa verði 4% eða kr. 28.481,- fyrir hvern setinn fund
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnar eða nefndarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispeningi fyrir hvern ferðadag. Gisting skal að jafnaði greidd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga.